

# Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - [www.fljotsdalsherad.is](http://www.fljotsdalsherad.is)



Umhverfisstofnun  
b.t. Guðmundar B. Ingvarssonar  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun  
Áb. GB / ABG  
23. jan. 2015  
8.1.1  
Tilv. USTZ012/100103

Egilsstaðir, 20. janúar 2015

## Ósk um breytingu á tillögu að starfsleyfi

Í ljósi niðurstöðu Skipulagsstofnunar (sem er fylgiskjal með þessu bréfi) um matsskyldu þeirrar breytingar að urða 3000t árlega í stað 2000t eins og gert var ráð fyrir í matskýrslu, óskar Fljótsdalshérað hér með eftir því að sú breyting verði gerð á tillögu að starfsleyfi urðunarstaðarins Tjarnarlandi, að heimilt verði að taka á móti og urða allt að 2500t af úrgangi á ári. Urðunarstaðurinn verður opin a.m.k. 250 daga á ári og því verður urðun að jafnaði undir 10 tonnum á dag og urðunarstaðurinn í eftirlitsflokk 2.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
Freyr Ævarsson  
Verkefnastjóri umhverfismála

## Breyting á sorpurðun á Tjarnarlandi, Fljótsdalshéraði

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á sorpurðun á Tjarnarlandi, Fljótsdalshéraði, sé ekki bess eðlis að hún hafi í för með sér aukið mengunarálag frá fyrri áformum þar sem fjallað var um og lagt mat á áhrif starfseminnar m.t.t. mengunar grunnvatns, lyktarmengunar eða gasmengunar Framkvæmdin sé því ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 14. gr. skipulagsla nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Mannvirki eru háð byggingarleyfi Fljótsdalshéraðs samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktílhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. febrúar 2015.

16. janúar 2015

## INNGANGUR

Þann 4. desember 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá verkfræðistofunni Verkís, f.h. Fljótsdalshéraðs, um fyrirhugaðar breytingar á sorpurðun á Tjarnarlandi, Fljótsdalshéraði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna. Skipulagsstofnun vekur athygli á að þann 15. desember sl. voru samþykkt á Alþingi lög nr. 138/2014 sem eru breytingar á lögum nr. 106/2000 og voru lögin birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. desember 2014. Þar sem tillaga framkvæmdaraðila barst Skipulagsstofnun fyrir gildistöku breytinganna eiga ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum við eins og þau hljóðuðu fyrir gildistökuna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með tölvubréfi dags. 6. janúar 2015, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, með bréfi dags. 15. desember 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 19. desember 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. janúar 2015.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 14. janúar 2015.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARÁDILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða breytingu á nýtingu urðunarstaðar á Tjarnarlandi í Hjaltastaðaþinghá, Fljótsdalshéraði. Skipulagsstofnun gaf út álit sitt á matsskýrslu og umhverfisáhrifum allt að 68.000 tonna sorpurðunar í landi Tjarnarlands til allt að 30 ára í febrúar 2013. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áformuð sé sú breyting á framkvæmdinni frá því sem lýst hafi verið í fyrnefndri matsskýrslu að heimild til árlegrar urðunar á Tjarnarlandi verði aukin úr 2000 t í 3000 t. Einungis sé um að ræða árlega aukningu á magni til urðunar en ekki standi til að auka heildarmagn sorps sem fari til urðunar á endingartíma urðunarstaðarins. Heildarmagn til urðunar verði því eftir sem áður 68.000 t. Fram kemur að breytingin muni hafa þau áhrif að áætlaður endingartími urðunarstaðarins, miðað við hámarksagn til urðunar á ári, muni styttast úr u.p.b. 30 árum í 20 ár. Breytingin muni engin áhrif hafa á hönnun urðunarstaðarins, stærð urðunarhólfa eða annarra mannvirkja eins og þeim hafi verið lýst í matsskýrslu. Breytingin snúi einungis að urðun flokkaðs úrgangs og muni því ekki hafa áhrif á sérstakt urðunaráhólf fyrir sláturúrgang eða áætlað magn sláturúrgangs til urðunar.

Fram kemur að í matsskýrslu frá því 2013 hafi verið gert ráð fyrir að sveitarfélögin Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður myndu nýta urðunarstaðinn á Tjarnarlandi. Nýlega hafi fleiri sveitarfélög viðrað þær hugmyndir að fá að nýta urðunarstaðinn á Tjarnarlandi, m.a. vegna lokunar sorpbrennslustöðvar Sorpsamlangs Þingeyinga og aukinna krafna um mengunarvarnir sem þrengt hafi að öðrum minni og eldri urðunarstöðum. Fyrir liggur að ef ákveðið verði að taka við úrgangi frá fleiri sveitarfélögum, en gert hafi verið ráð fyrir í matsskýrslu, fari magn urðað sorps umfram 2000 tonn á ári.

Fram kemur að staðið verði á sama hátt að frágangi á yfirborði urðunarstaðarins samhliða fyllingu urðunarhólfa eins og lýst hafi verið í matsskýrslu og verði frágangur svæðisins og mengunareftirlit á rekstrartíma og að rekstri loknum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og þau skilyrði sem starfseminni verða sett í starfsleyfi. Að lokinni urðun verði skilið við landið sem líkast því sem var áður en framkvæmdir hófust.

Fram kemur að fyrirhuguð magnauknning sorps hafi ekki í för með sér að nota þurfi fleiri eða stærri tæki við urðunina en ferðum sorpflutningabíla muni fjölgja úr 4 ferðum vikulega í 6 og vinnustundum við urðun muni einnig fjölda. Hljóðstig muni ekki aukast við breytinguna. Ekki verði séð að aukið árlegt magn úrgangs til urðunar auki likur á lyktarmengun frá urðunarstaðnum þar sem áfram sé gert ráð fyrir flokkuðum úrgangi og mótvægisáðgerðir og verklagsreglur, sem gerð hafi verið grein fyrir í matsskýrslu, séu til þess fallnar að draga mjög úr líkum á neikvæðum áhrifum á loftgæði. Þá muni

breytingin ekki hafa áhrif á heildarlosun hauggass frá urðunarstaðnum en árleg gildi munu þó mælast nokkru hærri á endingartíma urðunarstaðarins en annars væri.

Fram kemur að hugsanlegt sé að tímabundið muni breytingin þýða að styrkur uppleystra efna í grunnvatni gæti orðið lítilega hærri en það sé þó afar ólíklegt með hliðsjón af fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum sem gerð hafi verið grein fyrir í matsskýrslu. Allt bendi til þess að styrkur uppleystra efna í sigvatni frá urðunarstaðnum verði mjög lágor og mun lægri en frá eldri urðunarstað en efnagreiningar á sigvatni frá honum hafi sýnt styrk uppleystra efna vel undir mörkum sem sett séu í starfsleyfi. Að teknu tilliti til ofangreindra ráðstafana og þess að litlar líkur séu taldar á að mengun berist í sigvatn frá urðunarstaðnum, sé talið að fyrirhuguð árleg magnaukning til urðunar muni ekki hafa neikvæð áhrif á grunnvatn.

## ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram það álit að fyrirhuguð breyting á sorpurðun skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fljótsdalshéraðs kemur fram að að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem komi fram í greinargerð Verkís og þeim mótvægisaðgerðum og vöktun sem gerð sé grein fyrir í upphaflegri matsskýrslu framkvæmdarinnar, fái sveitarstjórn ekki séð að breytingin muni valda auknu á lagi á umhverfið frá því sem greint hafi verið frá í matsskýrslu. Því sé ekki ástæða til þess að krefjast mats á umhverfisáhrifum vegna breytingarinnar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að kynntar breytingar séu þess eðlis að ekki sé talið að þær hafi í för með sér aukið mengunarálag frá fyrri áformum. Í skýrslu Verkís er allvel gerð grein fyrir tilfærslu og hliðrun mengunar í tíma, en jafnframt að heildarmagn mengandi efna í grunnvatni, gasmengun eða lykt muni ekki aukast. Heilbrigðiseftirlitið metur því stöðuna þannig að ekki sé ástæða til að krefjast mats á umhverfisáhrifum þótt meira magn úrgangs komi til urðunar á styttri tíma en áður var áformað.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að nægjanlega sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfi hennar, mótvægisaðgerðum og vöktun þar sem ekki sé um meiriháttar breytingu að ræða frá þeirri framkvæmd sem hafi verið til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum fyrir u. þ.b. 2 árum. Stofnunin bendir hins vegar á að um er að ræða um 50% aukningu á árlegu magni úrgangs sem berist á staðinn og muni reyna meira á það verklag sem verði viðhaft við móttöku úrgangs og urðun. Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin er háð starfsleyfi stofnunarinnar og muni verða nánar fjallað um ofangreind atriði við vinnslu leyfisins þar sem gerðar verði ríkar kröfur til vöktunar á grunn- og yfirborðvatni og því verði hægt að griða til aðgerða ef vatnsmengunar verði vart. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin muni fara fram á nýja útreikninga á myndun metans í ljósi aukins magns úrgangs.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið sé undir með Umhverfisstofnun að mikilvægt sé að vel sé fylgst með gæðum grunn- og yfirborðsvatns og að tryggt sé að mótvægisaðgerðir skili tilætluðum árangri. Um fyrirkomulag eftirlits og vöktunaráætlun er vísað til vinnslu starfsleyfis. Framkvæmdaraðili mun leggja fram nýja útreikninga á myndun metans við vinnslu leyfisins.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á magni flokkaðs sorpúrgangs til urðunar í landi Tjarnarlands, Fljótsdalshéraði, úr 2000 tonnum á ári í 3000 tonn. Framkvæmin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun gaf út álit sitt á matsskýrslu og umhverfisáhrifum allt að 68.000 tonna sorpurðunar í landi Tjarnarlands í febrúar 2013 og var í því máli gert ráð fyrir 2000 tonna árlegri urðun sorps á u.p.b. 30 árum. Fyrir liggur að ekki verður breyting á hönnun urðunarstaðarins, stærð urðunarhólfra eða annarra mannvirkja miðað við þær áætlanir sem fjallað var um og lagt mat á í matsferlinu og ekki verður um aukningu á heildarmagni úrgangs að ræða heldur mun endingartími urðunarstaðarins styttast um 10 ár. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands um að þessi breyting sé ekki þess eðlis að hún hafi í för með sér aukið mengunarálag frá fyrri áformum þar sem fjallað var um og lagt mat á áhrif starfseminnar m.t.t. mengunar grunnvatns, lyktarmengunar eða gasmengunar. Stofnunin bendir jafnframt á, eins og kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar, að í starfsleyfi er unnt að setja setja ákvæði um vöktun á grunn- og yfirborðsvatni og mótvægisáðgerðir, verði vart vatnsmengunar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkís, f.h. Fljótsdalshéraðs, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tilkynnt breyting á sorpurðun í landi Tjarnarlands, Fljótsdalshéraði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 en gera þarf breytingu á samþykktu deiliskipulagi vegna aukningar árlegs magns og breytts endingartíma.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Mannvirki eru háð byggingarleyfi Fljótsdalshéraðs samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktihögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. febrúar 2015.

Jakob Gunnarsson